

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 10 2018.

Staður: Keldnaholt

Tími: Þriðjudagur 10. september 2018 kl. 13

Mætt: Jóhannes Kristjánsson, Sæmundur Sveinsson, Sunna Þórarinsdóttir, Halldór Þorgeirsson og Bjarni Diðrik Sigurðsson á Keldnaholti, og Guðrún Eik Skúladóttir og Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir í fjarfundi. Valnefnd um rektorsembætti Lbhí kom á fundinn, Skúli Skúlason, formaður og Magnús Diðrik Baldursson á Keldnaholti og Anna Karlsdóttir í fjarfundi. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð

Fundargerð 9. fundar háskólaráðs 2018 var samþykkt í tölvupósti.

2. Niðurstaða valnefndar um stöðu rektors við Lbhí

Skúli Skúlason formaður valnefndar þakkaði háskólaráði traustið sem valnefnd var sýnt og lýsti því að vinnan við yfirferð umsókna hefði verið mjög lærdómsrík. Hann dreifði greinargerð valnefndar á fundinum og bað fundarmenn að renna yfir plaggið. Hann fór yfir þau hæfisviðmið sem notuð voru til grundvallar við yfirferð valnefndar og koma fram í greinargerðinni.

Jakobína H. Árnadóttir, mannauðsfræðingur hjá Capacent var valnefndinni til ráðgjafar og tók þátt í viðtölum við umsækjendur en ferlið við framkvæmdina var skipulagt af valnefnd. Ekki voru tekin viðtöl við meðmælendur eða umsagnaraðila enda eðlilegt að slíkt sé gert á seinni stigum málsins.

Magnús Diðrik Baldursson undirstrikaði að samstarf valnefndar hefði verið mjög jákvætt og ekki hefði komið upp ágreiningur innan nefndarinnar.

3. Umræður um niðurstöðu valnefndar

Rætt var um helstu atriði í greinargerð valnefndar og einkenndust þær umræður af mikilli hreinskilni. Rektor þakkaði valnefnd kærlega fyrir góða vinnu og valnefnd bauð áframhaldandi aðstoð sína ef þörf krefði.

Háskólaráð samþykkti að kalla þá tvo umsækjendur, sem voru efstir á lista valnefndar, til næstu umferðar ráðningarferilsins.

4. Kosningu varaformanns, kynningu á stefnumótunarmálum og yfirferð yfir fjármál skólans er frestað til næsta fundar.

Stefnt er að næsta fundi háskólaráðs föstudaginn 5. október kl. 13 á Hvanneyri.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55